

Mál nr. 249/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: A

### Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. og 28. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 26. mars 2021 hafi bifreiðinni A verið ekið aftan á bifreiðina B, sem M ók, er hún var kyrrstæð við umferðarljós við Gullinbrú í Reykjavík. Á sameiginlegri tjónstilkynningu sé hakað við að slys hafi orðið á fólki og á bakhlið tjónstilkynningar sé M tilgreindur meðal hinna slösuðu. Hinn 4. apríl 2021 hafi M leitað á bráðamóttöku vegna einkenna sem hann rakti til árekstursins. Hafi hann þá lýst strengjum milli herðablaða og verkjum við lendhrygg og verið greindur með tognun á lendhrygg og brjósthrygg. Í kjölfar þess hafi M leitað nokkuð oft á heilsugæslu vegna afleiðinga umrædds slyss og komi fram í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 30. desember 2021, að M hafi einnig farið reglulega í sjúkraþjálfun og notað verkjalyf samkvæmt leiðbeiningum. Þá hafi segulómun á lendhrygg hinn 28. júlí 2021 leitt í ljós slitbreytingar á tveimur neðstu discbilum og discafturbunganir sem valdi klemmu á vinstri S1 rót á discbili L5-S1. Hafi M leitað til bæklunarlæknis hinn 3. ágúst 2021 og í samantekt fyrirliggjandi læknisvottorðs, dags. 26. apríl 2022, komi fram að M hafi orðið fyrir slæmri tognun í brjósthrygg, lendhrygg, háls hrygg og mjóbaki og einkenni lítið skánað þrátt fyrir sjúkraþjálfun. M hafi krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna tjóns síns V hafi hafnað kröfunni, með tölvupósti dags. 9. nóvember 2021, með vísan til svokallaðrar PC-Crash skýrslu en niðurstöður hennar bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hefði hlotist af árekstrinum. M byggir á því að læknisvottorð staðfesti að hann sé með meiðsli og slæma bakverki eftir umrætt slys og sýnt sé fram á það með ótvíræðum hætti að orsakatengsl séu milli slyssins og þess varanlega heilsutjóns sem M hafi hlotið af því. Þess utan sé sönnunargildi PC-Crash skýrsla sem aflað sé einhliða án aðkomu M ekkert, og ljósmyndir af ákomum á A og B sýni einmitt að töluvert tjón hafi orðið á bifreiðunum sem bendi til þess að höggið hafi verið töluvert. Hvað varði mat á líkamstjóni verði það þá í öllum tilvikum byggt á læknisfræðilegum gögnum en ekki hraðaútreikningum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans ósönnuð. M hafi ekki framvísað matsgerð hæfra og óvilhallra aðila eða öðrum gögnum sem sýni fram á orsakatengsl milli árekstursins og líkamlega einkenna hans. PC-Crash skýrsla sé liður í sönnunarfærslu líkt og önnur gögn, og samkvæmt henni hafi verið um lágorkuárekstur að ræða sem ómögulegt sé að hafi valdið varanlegu líkamstjóni. M hafi þá verið gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum í tengslum við gerð skýrslunnar en kosið að gera það ekki. Þá hafi M ekki lagt fram nein gögn er hnekki þeirri niðurstöðu að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. Önnur gögn málsins, þ.á.m. varðandi tjón á B, beri þá með sér að um vægan árekstur hafi verið að ræða. Hvað varði læknisfræðileg gögn þá hafi fyrirliggjandi vottorð bæklunarlæknis ekkert vægi í málinu. Þess hafi verið aflað einhliða án þess að V hafi átt þess möguleika að koma athugasemdum á framfæri auk þess sem mat læknis hafi aðeins byggt á frásögn M sjálfs um fyrra heilsufar sitt. Sjúkrasaga M beri hins vegar með sér að hann hafi glímt við sambærilega bakverki í mjóbaki allt frá árinu 2006 og verki í brjóstbaki og herðablaði frá árinu 2018. Þá liggi engin gögn fyrir um sjúkraþjálfun.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir ítrekaðar og sérstaklega áréttað að skemmdir á A og B bendi til þess að mikið högg hafi orðið af árekstrinum. Þá er áréttað að M hafi ekki glímt við nein varanleg einkenni í baki fyrir umrætt slys. V hafi ekki framvísað neinum gögnum sem hnekki þeim staðreyndum sem lýst sé í læknisvottorðum og samantekið sýni framlögð gögn skýrlega fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M búi við.

Í viðbótarathugasemdom V kemur fram að hvað varði ákomur á bifreiðunum þá sýni ljósmyndir ekki skemmdir á öðru en ytra byrði/yfirbyggingu bifreiðanna sem sé úr plasti og þurfi lítið til svo skemmdir komi fram á henni. Er þá afstaða félagsins ítrekuð og sérstaklega tekið fram að einkennalýsingar M á sæki takmarkaða stoð í læknisfræðilegar rannsóknir, og að myndgreining sú sem vísað er til sýni slitbreytingar, en þær séu ástand sem þróist á lengri tíma.

#### **Álit.**

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins hinn 27. júlí 2022 og þeirra einkenna sem M rekur til hans, en samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki lítið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað. Af fyrirliggjandi ljósmyndum má ráða að eitthvað tjón hafi orðið á A og B, þó sýnu meira á A. Hins vegar liggur ekki annað fyrir en að skemmdir hafi verið takmarkaðar við yfirbyggingu/ytra byrði. Benda því gögn málsins til að um vægan árekstur hafi verið að ræða og eru því frekari gögn nauðsynleg til að sýna fram á orsakatengsl milli hans og einkenna M. Fyrir liggur að M leitaði á bráðamóttöku hinn 4. apríl 2021 og lýsti þá þreyfieymslum milli herðablaðs og hryggjar vinstra megin sérstaklega og eymslum yfir vöðvum á lendhryggsvæði. Verður þá ráðið af læknisvottorði, dags. 30. desember 2021, að M hafi verið í töluverðum samskiptum við heilsugæslu á tímabilinu 27. apríl 2021 til 24. nóvember 2021. Kemur þar m.a. fram að verkir hafi komið fram neðst í mjóbaki með leiðni í vinstri mjöðm og báða fótleggi en einnig ofarlega á baki og þá með leiðni upp í háls og síðar í vinstri handlegg. Þá kemur fram að M sé með þekkt brjós-klos í mjóbaki. Segulómun af lendhrygg sem framkvæmd var í júlí 2021 hafi leitt í ljós slitbreytingar og discafturbunganir. Óvíst sé að þær breytingar tengist slysinu þar sem engin fyrri rannsókn sé til samanburðar en ekki sé heldur hægt að útiloka að versnun hafi orðið í kjölfar þess. Fyrirliggjandi vottorð bæklunarlæknis, dags. 26. apríl 2022, er þá ekki mjög ítarlegt og virðist mestmegnis byggja á lýsingu M sjálfs. Í því kemur fram að M hafi orðið fyrir slæmri tognun í brjósthrygg, lendhrygg, háls-hrygg og mjóbaki. Af framangreindu má ráða að einkenni þau sem M rekur til umrædds áreksturs eru talsvert víðtæk. Þá eru upplýsingar um fyrra heilsufar M nokkuð takmarkaðar. Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið með vissu hvort slitbreytingar og brjós-klos, eða versnun einkenna vegna þess, tengist umræddum árekstri og að hvaða leyti einkenni M verða rakin til hans, en ekki liggur fyrir matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna um líkamstjón M. Samkvæmt framansögðu hefur því ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli áreksturs A og B og einkenna M.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir